



Viðtalstímar bæjarfulltrúa í grunnskólum haustið 2019 – samantekt

Viðtalstímar bæjarfulltrúa í grunnskólum Akureyrarbæjar voru haldnir haustið 2019. Gögnum hefur verið safnað saman og þau flokkuð niður eftir sviðum bæjarins. Undir hverju sviði eru ákveðin málefni sem þau varðar og er hvert málefni merkt skóla nemandans/nemendanna sem nefndu það.

Umhverfis- og mannvirkjasvið

1. Strætó

- 1.1 Strætó milli Árskógssands og Akureyrar. – *Hríseyjarskóli*
- 1.2 Mætti vera klukka í strætóskýlum sem sýnir tíma og hvar strætó sé á leiðinni. – *Lundarskóli*
- 1.3 Strætó mætti vera oftár á ferðinni - tíðari ferðir. – *Lundarskóli*
- 1.4 Strætó gangi upp í hesthús. – *Lundarskóli*
- 1.5 Óska eftir bættum samgöngum á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 1.6 Óska eftir því að þjónusta strætó verið aukin um helgar bæði með því að bæta við ferðum og að þjónustutíminn verði lengdur. – *Giljaskóli*
- 1.7 Óska eftir því að strætó keyri upp í Hlíðarfjall. – *Giljaskóli*
- 1.8 Óska eftir fleiri strætóferðum um helgar svo það þurfi ekki að nota bíla eins mikið um helgar eins að það þurfi ekki að fara á Brekkuna til þess að komast niður í bæ úr Þorpinu. – *Giljaskóli*
- 1.9 Óska eftir því að strætóferðir verði á 30 mínútna fresti frá skólanum. – *Naustaskóli*
- 1.10 Óska eftir því að fleiri strætóferðir verði í boði um helgar. – *Naustaskóli*
- 1.11 Óska eftir því að það verði áfram frítt í strætó á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 1.12 Vilja fleiri strætóferðir sérstaklega til að komast í sund, ef ekki er hægt að gera heita potta á skólalóðina. – *Síðuskóli*
- 1.13 Af hverju er fólk ekki hvatt til að nota strætó meira. – *Glerárskóli*
- 1.14 Vilja fá betra strætókerfi. Vilja fá meiri strætóþjónustu um helgar. – *Glerárskóli*
- 1.15 Fleiri strætóleiðir og fleiri strætóa sem ganga lengur á kvöldin. – *Glerárskóli*

2. Umferðarmál

- 2.1 Gangbrautarljósín á Dalsbrautinni eru að þeirra mati óþörf og hættuleg. Þurfa að bíða mjög lengi og þau virka ekki að þeirra mati. Segja að krakkar fari yfir á rauðu því að þau þurfa að bíða of lengi og þau lendi of oft í hættu vegna þess hvernig þau virka. – *Lundarskóli*
- 2.2 Óska eftir að komið verði í veg fyrir hraðakstur. – *Brekkuskóli*

- 2.3 Óska eftir því að öll börn á Akureyri fái endurskinsmerki eða -vesti og noti þau svo þau sjáist í myrkrinu. – *Brekkuskóli*
- 2.4 Óska eftir að frekar verði notaður fjörusandur en salt á götur Akureyrar því saltið er vont fyrir bílana og göturnar. – *Brekkuskóli*
- 2.5 Vilja hrósa Akureyrarbæ fyrir nýja og bættu ljósastaura en óska jafnframt eftir því að þeim verði fjölgað í bænum á leiðum fyrir börn í skóla. Vilja sérstaklega benda á ljósleysi við Vesturgil.
Óska eftir því að biðtími umferðarljósa við Glerártorg verði stytur. – *Giljaskóli*
- 2.6 Óska eftir því að það ljósastaurar í Naustahverfi og sérstaklega við skólann verði yfirfarnir því það vantar ljós á suma staurana. – *Naustaskóli*
- 2.7 Vilja minnka umferðarhraðann hjá Merkgíli. Þar má keyra á 50 km/klst., þar eru mörg börn á ferð og þar ætti því frekar að vera 30 km/klst. – *Síðuskóli*
- 2.8 Laga gatnamótin hjá Sunnuhlíð, þar sem er alltaf verið að keyra á krakkana. Taka runnana sem byrgja útsýni. Þyrfti hugsanlega að setja hraðahindrun. – *Glerárskóli*
- 2.9 Lengja tímann á beygjuljósinu við Glerárgötu/Tryggvabraut. – *Glerárskóli*
- 2.10 Fleiri hringtorg á gatnamót. – *Glerárskóli*

3. Skólalóð

- 3.1 Fáum við nýja skólalóð fljótlega? Vilja fá skatepark, klifurkastala með rennibraut, hreiðurrólu, sparkvöll (norðan við íþróttahúsið þar sem fótoltamörk voru einu sinni), körfuboltakörfu (litla og stóra), badminton (net og spaða) o.fl. (sjá blað þar sem upptalning er í forgangsröð). – *Hríseyjarskóli*
- 3.2 Laga körfuboltavöllinn, girðing allan hringinn, net í körfur, hitalögn er ekki í lagi. – *Lundarskóli*
- 3.3 Telja að það vanti fleiri leiktæki á lóðina fyrir yngri krakkana. Þá sé einnig óvarið járn í þeim sem er hættulegt í frosti á veturna. – *Lundarskóli*
- 3.4 Óska eftir betra skipulagi og betri og fjölbreyttari tækjum á skólalóð Brekkuskóla. Sem dæmi má nefna rólur, vegasalt, rennibraut og kastala. Óska einnig eftir að rörin sem eru á Brekkuskólalóðinni, verði tekin þar sem þau nýtast illa og eru illa lyktandi. – *Brekkuskóli*
- 3.5 Óska eftir að sett verði hærra og meira grindverk í kringum sparkvöll Brekkuskóla svo boltinn rúlli ekki niður í bæ. Fótoltavöllur á skólalóð verði stækkaður. – *Brekkuskóli*
- 3.6 Óska eftir bandíkylfum, trampólíni og fleiri og betri boltum á sparkvöll Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 3.7 Óska eftir vegasalti, hoppudýnu, kofa, kastala, rennibraut, aparólu, hjólabraut og fleiri rólum á skólalóð Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 3.8 Óska eftir körfuboltavelli á skólalóð Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 3.9 Óska eftir hundabúri á skólalóð Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 3.10 Óska eftir að sett verði upp hreystibraut í skólalóð Brekkuskóla, til að bæta styrk nemenda og gefa öllum tækifæri á að æfa sig fyrir skólahreysti. – *Brekkuskóli*
- 3.11 Óska eftir að settir verði hjólabogar fyrir framan gluggana hjá skrifstofunum. – *Brekkuskóli*

- 3.12 Óska eftir skýli fyrir hjól á lóð. – *Brekkuskóli*
- 3.13 Óska eftir að bætt verði við hjólabrettarampana í Brekkuskóla eins og hefur verið gert í Lundarskóla. – *Brekkuskóli*
- 3.14 Óska eftir skólahreystibraut þar sem gamla klifurgrindin er á lóð Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 3.15 Óska eftir að veggir verði hækkaðir eða net sett yfir fótboltavöll Brekkuskóla svo boltinn fari ekki svona oft út af. – *Brekkuskóli*
- 3.16 Óska eftir því að það verði bætt úr körfuboltaaðstæðum við Giljaskóla. Að gerður verði eins völlum og er við Lundarskóla og Naustaskóla. – *Giljaskóli*
- 3.17 Óska eftir því að ljósin við gervigrasvellina verði ekki slökkt fyrr en að loknum útivistartíma á kvöldin. Oft mikið myrkur við vellina. – *Giljaskóli*
- 3.18 Óska eftir því að skoðuð verði lýsingin við gervigrasvöll Giljaskóla og við Vættagilsbrekkuna. Á þessum stöðum sé oft dimmt á veturna. – *Giljaskóli*
- 3.19 Óska eftir því að byggður verði upphitaður körfuboltavöllur við Gilja- eða Síðuskóla. – *Giljaskóli*
- 3.20 Óska eftir því að byggður verði upphitaður körfuboltavöllur við Giljaskóla með girðingu í kring og með háum og lágum körfum eins og eru á Naustaskólalóðinni. – *Giljaskóli*
- 3.21 Óska eftir hlíf yfir skate parkið við Giljaskóla svo það verði ekki blautt. – *Giljaskóli*
- 3.22 Óska eftir mini trampólínum á skólalóð Giljaskóla eins og eru við Naustaskóla. – *Giljaskóli*
- 3.23 Óska eftir stærri fótboltavelli við Giljaskóla. – *Giljaskóli*
- 3.24 Óska eftir hliði fyrir gatið á fótboltavelli Giljaskóla svo boltinn renni ekki út af. – *Giljaskóli*
- 3.25 Óska eftir aparólu á skólalóð Giljaskóla. – *Giljaskóli*
- 3.26 Óska eftir fleiri rólum á skólalóð Giljaskóla. – *Giljaskóli*
- 3.27 Óska eftir stærri kastala á skólalóð Giljaskóla. – *Giljaskóli*
- 3.28 Óska eftir því að parkið á skólalóð Giljaskóla verði stækkað. – *Giljaskóli*
- 3.29 Óska eftir fleiri gervigras fótboltavöllum við Giljaskóla. Völlurinn er svo mikið notaður að það er sjaldan sem hver bekkur fær að fara á völinn. – *Giljaskóli*
- 3.30 Óska eftir því að kastalinn á skólalóð Giljaskóla verði stækkaður. – *Giljaskóli*
- 3.31 Óska eftir því að gervigrasvöllurinn við Naustaskóla verði betur upphitaður svo hægt sé að nota hann þegar er snjór. – *Naustaskóli*
- 3.32 Óska eftir fleiri köngulóarrólum á skólalóð Naustaskóla. – *Naustaskóli*
- 3.33 Óska eftir því að eftirlitsmyndavélum verði fjölgað í Naustaskóla þannig að hægt verði að sjá þegar einhverjir eru að gera eitthvað af sér. – *Naustaskóli*
- 3.34 Óska eftir að sett verði upp upp hjólabrettaaðstaða við Naustaskóla eins og er við Oddeyrarskóla. – *Naustaskóli*
- 3.35 Vilja vekja athygli á að það þurfi að laga ljósið við fótboltavöll Naustaskóla. – *Naustaskóli*
- 3.36 Vilja benda á að það er aldrei kveikt á ljósunum við körfuboltavöll Naustaskóla. – *Naustaskóli*

- 3.37 Myndu vilja rennibraut og trampólín og meiri afþreyingu úti. – *Oddeyrarskóli*
- 3.38 Það vantar öryggismyndavélar fyrir utan skólann. – *Oddeyrarskóli*
- 3.39 Vilja betri lýsingu á skólalóðinni, of dimmt á kvöldin. Slökkt snemma og vantar einnig betri lýsingu. Vilja nýjan körfuboltavöll á lóðina. Körfuboltavöllurinn er handónýtur. – *Síðuskóli*
- 3.40 Vilja kóngulóarólu á skólalóðina og fleiri rólur, rólurnar eru alltaf uppteknar. Fjórar rólur telja þau að sé allt of lítið. Vilja parkor völl á skólalóðina. – *Síðuskóli*
- 3.41 Vilja nýtt gervigras á völlinn, finnst ósanngjarnt að það sé búið að laga alla velli nema þeirra. – *Síðuskóli*
- 3.42 Vilja nokkra heita potta á skólalóðina, t.d. hjá kastalanum. – *Síðuskóli*
- 3.43 Vilja stærri kastala á skólalóðina og fleiri leiktæki á lóðina. Stærri snúningstæki á skólalóðina fyrir eldri nemendur. – *Síðuskóli*
- 3.44 Viljum fá trampólín á skólalóðina eins og við Naustaskóla. Vilja ærslabelg á lóðina. Vilja aparólu niður hólinn. Vilja fá það sem heitir “Panna” sem er lítill fótoltavöllur á skólalóðina. Vilja fá úti handboltavöll á skólalóðina. Vilja apagrind/upphíngarstöng. Vilja fá kóngulóarólu. Nýtt gervigras á fótoltavöllinn og hafa það hvítt af því að það er hollara. – *Síðuskóli*
- 3.45 Laga skólalóðina, fá fleiri leiktæki, kóngulóagrind, klifurvegg, hoppubelg, lítið trampólín, fleiri rólur, nýjan kastala með stærri rennibraut. Viljum vegasalt sem fer upp og niður og í hring, jafnvægisbretti, lítið útileikhús með handbrúður svo að hægt sé að gera brúðuleikhús. Vantar stangir eða hringi til að hanga í, hjólabrettaramp, pönnu, gúmmímottur undir rólurnar. – *Síðuskóli*
- 3.46 Vilja fá betra gras á gervigrasvöllinn og betri upphitaðan körfuboltavöll líkt og við Naustaskóla.
- 3.47 Handboltaútivöllur. – *Síðuskóli*
- 3.48 Myndu vilja fá eplatré á skólalóðina. – *Glerárskóli*
- 3.49 Fleiri rólur og vegasölt á skólalóðina. – *Glerárskóli*
- 3.50 Vantar fleiri tæki á leiksvæðið í kringum skólann. – *Glerárskóli*
- 3.51 Nýtt leikvæði, kastala eins og í Naustaskóla. – *Glerárskóli*
- 3.52 Væri hægt að fá skólahreystibraut og fleiri leiktæki á skólalóðina. – *Glerárskóli*
- 3.53 Er hægt að fá fleiri gervigrassparkvelli hjá Glerárskóla? – *Glerárskóli*
- 3.54 Ný og betri leiksvæði við skólann. – *Glerárskóli*
- 3.55 Setja nýtt gervigras á sparkvöllinn við skólann. – *Glerárskóli*
- 3.56 Setja gúmmiundirlag á körfuboltavöllinn. – *Glerárskóli*
- 3.57 Laga girðingarnar í kringum skólalóðina. – *Glerárskóli*
- 3.58 Hafa hoppubelg og trampólín á skólalóðinni. – *Glerárskóli*
- 3.59 Laga girðingarnar í kringum skólalóðina. – *Glerárskóli*
- 3.60 Hafa hoppubelg og trampólín á skólalóðinni. – *Glerárskóli*
- 3.61 Betra hjólabrettasvæði á skólalóðina. – *Glerárskóli*

4. Umhverfismál

- 4.1 Mætti vera meira um græn svæði í bænum. – *Lundarskóli*
- 4.2 Óska eftir að settar verði upp öryggismyndavélar og betri lýsing á Hamarkotstúni því það er mikið notað sem leiksvæði. – *Brekkuskóli*
- 4.3 Óska eftir því að göturnar verði bleyttar til þess að minnka mengun. – *Brekkuskóli*
- 4.4 Óska eftir því að mengun verði minnkuð og að bílum verði fækkað. – *Brekkuskóli*
- 4.5 Óska eftir betri og breiðari gangstígum á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 4.6 Óska eftir því að það sé hlustað á þá sem eru að mótmæla loftlagsmálum og það tekið alvarlega. – *Brekkuskóli*
- 4.7 Óska eftir að það verði bannað að henda rusli í sjóinn. – *Brekkuskóli*
- 4.8 Óska eftir að minnka plastnotkun á Akureyri og að plastpokar verði bannaðir. – *Brekkuskóli*
- 4.9 Óska eftir fleiri blómum í bæinn. – *Brekkuskóli*
- 4.10 Óska eftir því að það verði bíllaus dagur 1x til 2x í mánuði á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 4.11 Óska eftir því að hafa bæinn fallegan, gengið sé vel um og að ræktuð séu fleiri tré og blóm. – *Brekkuskóli*
- 4.12 Óska eftir því að Hamarkotstúninu verði breytt. Þar sé allt of mikil rusl og leggja til að þar verði settar kindur því með því megi spara við að slá grasið. – *Brekkuskóli*
- 4.13 Óska eftir að fá fleiri leiktæki á Hamarkotstún. – *Brekkuskóli*
- 4.14 Óska eftir að bílum sem menga verði fækkað og rafmagnsbílar verði frekar notaðir. – *Brekkuskóli*
- 4.15 Benda á að á Akureyri sé of mikil mengun þannig að þau geti ekki stundum andað. Benda jafnframt á að fleiri ættu að ganga og hjóla frekar en að nota bíla. – *Brekkuskóli*
- 4.16 Benda á að við eigum að hugsa um fiskana og marglyttturnar í sjónum og nota minna af plasti. – *Brekkuskóli*
- 4.17 Óska eftir því að reynt verði að flokka og endurvinnna meira rusl. – *Brekkuskóli*
- 4.18 Óska eftir að fleiri flokkunartunnum verði komið fyrir á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 4.19 Óska eftir fjölbreyttari hjólaleiðum í Hlíðarfjalli og Kjarnaskógi. – *Brekkuskóli*
- 4.20 Óska eftir meiri slagkrafti í loftslagsmál og að Vistorka verði eflað. – *Brekkuskóli*
- 4.21 Óska eftir að sett verði upp stöð á Akureyri sem breytir koltvíoxíði með fasaskiptum í grjót. – *Brekkuskóli*
- 4.22 Óska eftir vegna mikillar mengunar og ruslmyndunar að flugeldanotkun verði minnkuð og haldin verði bara ein flugeldasýning niðri í bæ um áramótin. – *Brekkuskóli*
- 4.23 Óska eftir því að rusladöllum verði fjölgað í bænum og gert verði við þá dalla sem eru í ólagi. – *Brekkuskóli*
- 4.24 Óska eftir því að flugeldar verði bannaðir um áramótun. Benda jafnframt á mikilvægi þess að styrkja björgunarsveitirnar áfram en þær getu fundið annað til að selja en flugelda. – *Giljaskóli*

- 4.25 Óska eftir að rusladöllum verði fjölgað á Akureyri. Benda t.d. á að það vanti hjá Bakkahlíð. – *Giljaskóli*
- 4.26 Óska eftir að rusl verði betur flokkað í stað þess að farið sé með það í urðun í Stekkjarvík. – *Naustaskóli*
- 4.27 Óska eftir betri aðstöðu og klósettum við Naustaborgir. – *Naustaskóli*
- 4.28 Óska eftir að umgengni á Akureyri verði bætt. Að fólk hendi ekki rusli á víðavangi og að flokkunartunnum verði komið fyrir á fleiri stöðum á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.29 Óska eftir fleiri rusladöllum á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.30 Vilja benda á að þær eru ánægðar með að Akureyrarbær skreyti með jólaljósum og þá sérstaklega í miðbænum. – *Naustaskóli*
- 4.31 Mætti fjölga ruslatunnum um bæinn. Og vera með fleiri flokkunartunnur. – *Oddeyrarskóli*
- 4.32 Vilja fá betri ruslatunnur, bæði á skólalóðinni og í hverfinu. Botninn á grænu tunnunum er oft að detta úr, líklega vegna þess að verið er sparka í botninn. – *Síðuskóli*
- 4.33 Hefur áhyggjur af lélegum ruslatunnum, botninn sé að detta úr ítrekað. – *Síðuskóli*
- 4.34 Vilja minni sand á göturnar, vilja frekar nota salt. Er með astma og telur að sandurinn fari illa í sig. – *Síðuskóli*
- 4.35 Vilja stækka Akureyri en þó ekki rífa Kjarnaskóg. – *Síðuskóli*
- 4.36 Vilja fleiri rafbíla í bæinn og fækka sérstaklega bensínbílum. – *Síðuskóli*
- 4.37 Almenningsgarð í bæinn þar sem allir geta verið saman og leikið sér og borðað saman nesti. – *Síðuskóli*
- 4.38 Að Akureyringar flokki ruslið sitt betur. – *Glerárskóli*
- 4.39 Að fólk hætti að henda rusli á götunar. – *Glerárskóli*
- 4.40 Minnka matarsóun. – *Glerárskóli*
- 4.41 Minnka bílaumferð. – *Glerárskóli*
- 4.42 Vilja minnka mengun frá farartækjum. Gætum við haft bíllausa daga á Akureyri, t.d. alltaf á fimmtudögum. – *Glerárskóli*
- 4.43 Væru til í að hafa sérstaka daga þar sem allir krakkar labba í skólann. Telja aðallega unglingana vera keyrða í skólann. – *Glerárskóli*
- 4.44 Myndu vilja að það væri skoðað að einhverja daga væru engin skemmtiferðaskip vegna mengunarinnar. – *Glerárskóli*
- 4.45 Það mætti hafa reglulega daga þar sem allir fara út og týna rusl. – *Glerárskóli*
- 4.46 Væri ekki hægt að sekta þá sem flokka ekki rusl? – *Glerárskóli*
- 4.47 Fækka skemmtiferðaskipum vegna mengunar. – *Glerárskóli*
- 4.48 Hugsu vel um umhverfið. – *Glerárskóli*
- 4.49 Gróðursetja miklu fleiri tré, 100 tré á mánuði. – *Glerárskóli*

- 4.50 Minnka plastnotkun. – *Glerárskóli*
- 4.51 Flokka meira. – *Glerárskóli*
- 4.52 Hvað ætlið þið að gera til að minnka plastið ennþá meira? – *Glerárskóli*
- 4.53 Útiloka plast og ekki afhenda plastpoka í búðum. – *Glerárskóli*
- 4.54 Fleiri ruslatunnur um bæinn. – *Glerárskóli*

5. Snjómokstur

- 5.1 Af hverju eru götur Akureyrar ekki mokaðar almennilega? Við erum ánægð með moksturinn í Hrísey. – *Hríseyjarskóli*
- 5.2 Óska eftir því að snjómokstur verði aukinn á skólalóð Giljaskóla. Oft mikil hálsa og erfitt að komast á milli leiksvæða. – *Giljaskóli*
- 5.3 Óska eftir að göngustígar í Giljahverfi verði betur mokaðir og að ekki verði myndaðir skaflar á miðjum göngustígum sem loka fyrir umferð. – *Giljaskóli*
- 5.4 Óska eftir því að gangstéttir og göngustígar í Naustahverfi verði betur mokað svo hægt sé að labba í skólann. Það eru stígar í nálægð við Krókeyrarnöf sem eru aldrei mokaðir. – *Naustaskóli*
- 5.5 Óskað eftir að göngustígar í Naustahverfi verði betur mokaðir. – *Naustaskóli*
- 5.6 Óska eftir því að gangstéttar og göngustígar verði betur mokaðir í Naustahverfi. – *Naustaskóli*
- 5.7 Moka betur gangstígana - sérstaklega í kringum skólana. – *Glerárskóli*

6. Búnaður mannvirkja

- 6.1 Óskalisti vegna íþróttahúss (sjá blað) Ungmennafélagið á flest tækin – *Hríseyjarskóli*
- 6.2 Vantar brunastiga niður af þaki skólans (komast út á þakið af efri hæð) (fleiri atriði á blaði) – *Hríseyjarskóli*
- 6.3 Það vantar klukku utan á skólann svo þau sjái hvað tímanum líður. – *Lundarskóli*
- 6.4 Óska eftir að settar verði upp öryggismyndavélar í anddyri Brekkuskóla til þess að reyna að koma í veg fyrir að skór og útifötin séu tekin og falin. – *Brekkuskóli*
- 6.5 Óska eftir því að drykkjarvatn í Brekkuskóla verði kaldara. – *Brekkuskóli*
- 6.6 Óska eftir fleiri öryggismyndavélum í Brekkuskóla og þá ekki síst á ganga skólans. – *Brekkuskóli*
- 6.7 Óska eftir að fá dömubindi og túrtappa á kvennaklósett. – *Brekkuskóli*
- 6.8 Óska eftir að byggð verði hreinsistöð á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 6.9 Óska eftir að fá annan hoppubelg í Kjarnaskóg. – *Brekkuskóli*
- 6.10 Setja stiga fyrir neðan brunautganga svo það þurfi ekki að hoppa niður og meiða sig. – *Glerárskóli*
- 6.11 Óska eftir því að settar verði upp myndavélar á Hamarkotstún þar sem þar er verið að selja eiturlyf. – *Brekkuskóli*
- 6.12 Bæta mokstur á göngustígum í kringum skólana, að smærri stígar gleymist ekki. – *Glerárskóli*

Fræðsluvið

1. Innra starf;

- 1.1 Hvers vegna er ekki námsráðgjafi í Hrísey? Hingað kemur enginn námsráðgjafi. – *Hríseyjarskóli*
- 1.2 Fram kom að það sé of mikið um stríðni og það hafi a.m.k. þrjár krakkar hættir í skólanum vegna stríðni. Fram kom tillaga um að koma upp vinaliðum í frímínútum. Það væri hægt að vera með leikjadagskrá í hverri viku í frímínútum. Nemendaráð gæti skipulagt. – *Lundarskóli*
- 1.3 Vildu meina að það mætti kenna þeim fleiri leiki í íþróttatímum. – *Lundarskóli*
- 1.4 Rætt um símanotkun í skólanum. Sögðu að það væru reglur en það væri ekki verið að fara nógu vel eftir þeim. Aðeins misjafnar skoðanir á því hvernig ætti að meðhöndla símanotkun. – *Lundarskóli*
- 1.5 Ræddu aðeins um umbunarkerfið í skólanum og finnst það ekki vera að virka því kennararnir muna ekki eftir vitunum nema stundum. Fer einnig eftir kennurum, sumir gefa aldrei vita. Vilja meina að ef kerfið sé notað betur, þá virki það miklu betur. – *Lundarskóli*
- 1.6 Mætti vera meiri fjölbreytni í námi - þemavikur og þemanám. Mætti koma meira til móts við áhugasvið nemenda til að mæta mismunandi námshraða. Of einhæft í dag. – *Lundarskóli*
- 1.7 Óska eftir að íþróttatíma í Brekkuskóla verði tvöfaldir og fjölbreyttari. – *Brekkuskóli*
- 1.8 Óska eftir því að nemendur Brekkuskóla fái að sleppa sundi þegar það er of kalt. – *Brekkuskóli*
- 1.9 Óska eftir því að Brekkuskóli byrji seinna á morgnana kl. 8:10 eða 8:15. – *Brekkuskóli*
- 1.10 Óska eftir að haldin verði hæfileikakeppni á milli grunnskóla. – *Brekkuskóli*
- 1.11 Óska eftir því að krakkar sem fara að mótmæla á föstudögum fá ekki skráð skróp í skólanum. – *Brekkuskóli*
- 1.12 Vilja benda á að strákarnir séu oftast á fólboltavellinum í Brekkuskóla vegna þess að strákarnir sendi aldrei á stelpurnar. Eins vilja þau að komið sé í veg fyrir að boltinn fari alltaf niður í bæ. – *Brekkuskóli*
- 1.13 Óska eftir að lögð verði meiri áhersla á umhverfisfræðslu í grunnskólum. Þá verði lögð áhersla á forvarnir og hvað fólk geti gert til að koma í veg fyrir skaða. – *Brekkuskóli*
- 1.14 Óska eftir að boðið verði upp á meiri sveigjanleika í grunnskólanámi. – *Brekkuskóli*
- 1.15 Óska eftir að farið verði í fleiri skólaferðalög. – *Brekkuskóli*
- 1.16 Óska eftir því að röddum barna verði leyft að heyrast þó það sé ekki vika barnsins. – *Brekkuskóli*
- 1.17 Óska eftir meiri fræðslu um loftslagsmál á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 1.18 Óska eftir upplýsingum um hvað Akureyrarbær er að gera í umhverfismálum. – *Giljaskóli*
- 1.19 Óska eftir að upplýsingaflæði milli kennara um þarfir barna með líkamlegar og andlegar raskanir verði bætt til muna. Þannig að börn og foreldrar þurfi ekki margsinnis að fara yfir sömu málin og ýta ítrekað eftir úrbótum sinna mála. – *Giljaskóli*
- 1.20 Óska eftir því að sundkennsla í Giljaskóla verði minnkuð þegar komið er í 10. bekk og aukið verði við íþróttatíma eða þeir lengdir í staðinn. – *Giljaskóli*

- 1.21 Óska eftir innileikvelli í Giljaskóla sem væri hægt að leika á ef veður er vont. – *Giljaskóli*
- 1.22 Óska eftir því að eftirlit í Naustaskóla verði aukið í frímínútunum svo krakkarnir hætti að stríða. – *Naustaskóli*
- 1.23 Óska eftir því að starfsmönnum verði fjölgað í frímínútum í Naustaskóla og að það verði fylgst betur með þegar krakkar eru að gera eitthvað af sér. – *Naustaskóli*
- 1.24 Vildi koma á framfæri að hún væri mjög ánægð með Naustaskóla. – *Naustaskóli*
- 1.25 Óska eftir því að skólaböll á Akureyri verði haldin á föstudögum. Böllin eru til kl. 24 og því ekki æskilegt að það sé skóli daginn eftir. – *Naustaskóli*
- 1.26 Vilja benda á að þær eru almennt ánægðar með Naustaskóla og Naustaskólalóðina. – *Naustaskóli*
- 1.27 Óska eftir því að þekking starfsmanna Naustaskóla í tæknimálum verði bætt. – *Naustaskóli*
- 1.28 Óska eftir því að tæknistofa verði sett upp í Naustaskóla og að lögð verði meiri áhersla á tölvukennslu í skólanum og benda í því samhengi á forrit er fylgja Office, word, excel o.fl. – *Naustaskóli*
- 1.29 Óska eftir að unglिंगastig Naustaskóla fái aðgang að fótboltavellinum í frímínútum. – *Naustaskóli*
- 1.30 Fá fleiri íþróttatíma en hætta í sundi. Ætti að vera val að vera í sundi, bara fyrir þá sem þurfa á því að halda. – *Oddeyrarskóli*
- 1.31 Þau fá far í sund með skólabíl í sund en 9. og 10. bekkur fá ekki far til baka. – *Oddeyrarskóli*
- 1.32 Seinka skólabyrjun til kl. 8:30. – *Oddeyrarskóli*
- 1.33 Það mætti taka á því að láta kennslustundirnar byrja á réttum tíma og nýta allan tímann. – *Oddeyrarskóli*
- 1.34 Meira val um skóla. – *Oddeyrarskóli*
- 1.35 Vilja fá fleiri tækifæri til að tjá sig í samfélaginu og skólanum. Vilja fá að koma hugmyndum sínum og skoðunum á framfæri. – *Oddeyrarskóli*
- 1.36 Vilja nám fyrir lífið – að læra fleira sem nýtist þeim betur í lífinu. Vilja fá að velja meira sjálf hvað þau læra eftir áhugamálum og framtíðarsýn. – *Oddeyrarskóli*
- 1.37 Að öll börn fái daggæslu. – *Oddeyrarskóli*
- 1.38 Telja að það vanti fleiri listgreinar í skólann. Var þrisvar sinnum í viku tvöfaldur tími en er orðið einu sinni í viku. Telja að það þurfi meiri áherslu á listgreinar. Valgreinarnar komi ekki í staðinn. – *Síðuskóli*
- 1.39 Allir eigi að læra mjög vel. – *Glerárskóli*
- 1.40 Það þarf að passa að hafa nóg leikskólapláss. – *Glerárskóli*
- 1.41 Vilja fá ipada fyrir nemendur í 5.-10 bekk. – *Glerárskóli*
- 1.42 Myndu vilja að skólinn byrjaði seinna. – *Glerárskóli*
- 1.43 Vilja fá hrósmiða, eins og í Síðuskóla, og fá umbun. – *Glerárskóli*
- 1.44 Vilja fá hlutbundið nám (þetta kom frá kennara). – *Glerárskóli*

- 1.45 Það þyrfti betri tölvuþekkingu hjá kennurunum. – *Glerárskóli*
- 1.46 Vilja fá meiri viðveru skólahjúkrunarfræðings. – *Glerárskóli*
- 1.47 Fá námskeið fyrir kennara sem eiga erfitt með að eiga við erfiða krakka. Halda að það gæti verið betra fyrir krakka sem þurfa sér stuðning að fara út úr bekknum í sérnám. – *Glerárskóli*
- 1.48 Myndu vilja fá betri dönskukennslu því það gengur mjög illa að læra hana. Þyrfti að sinna betur þeim sem gengur illa að læra dönskuna. – *Glerárskóli*
- 1.49 Telja nauðsynlegt að fá meiri kynfræðslu. Telja sig ekki hafa fengið þá tíma sem var búið að ráðgera að þau fengju. – *Glerárskóli*
- 1.50 Stytttri skólatíma, sleppa skóla á mánudögum. – *Glerárskóli*
- 1.51 Afsláttakort fyrir grunnskólanemendur (eins og í framhaldsskólunum). – *Glerárskóli*
- 1.52 Skemmtilegra námsefni. – *Glerárskóli*

2. Aðbúnaður;

- 2.1 Vilja hafa dömubindi og túrtappa inni á snyrtingum. Stelpur eru margar feimnar og vilja ekki þurfa sækja til hjúkrunarfræðings. – *Lundarskóli*
- 2.2 Vilja fá kósíherbergi fyrir nemendur. Finnst nýtingin á stofu sem þau höfðu ekki nógu góð. Sérstaklega mikilvægt í símalausum vikum. Þá hægt að spila og þannig. – *Lundarskóli*
- 2.3 Vantar bolta í skólann til að leika sér með í frímínútum. Fótbolta og körfubolta. – *Lundarskóli*
- 2.4 Óska eftir því að grunnskólarnir á Akureyri fái þrívíddargleraugu. – *Brekkuskóli*
- 2.5 Óska eftir að endurnýjun á stólum og borðum í stofum. – *Brekkuskóli*
- 2.6 Óska eftir betra flokkunarkerfi í Brekkuskóla og óska eftir fleiri flokkunartunnum í skólastofunum. – *Brekkuskóli*
- 2.7 Óska eftir þægilegri stólum í skólastofur Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 2.8 Óska eftir fleiri þægilegum sætum inn á bókasafn Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 2.9 Óska eftir fleiri bókum á bókasafn Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 2.10 Óska eftir fleiri flokkunartunnum inn í skólastofur í Brekkuskóla. – *Brekkuskóli*
- 2.11 Óska eftir því að það komi kanínur í Giljaskóla í staðinn fyrir hænurnar sem voru. – *Giljaskóli*
- 2.12 Óska eftir að fá líkamsræktartæki í íþróttarsal Naustaskóla. – *Naustaskóli*
- 2.13 Óska eftir diskókúlu inn í stofu hjá 1. bekk í Naustaskóla. – *Naustaskóli*
- 2.14 Óska eftir að tæknimál Naustaskóla verði bætt, míkrafónar og hátalarar ekki í góðu standi. – *Naustaskóli*
- 2.15 Óska eftir því að aðgangur verði að tíðavörum inni á salernum Naustaskóla. – *Naustaskóli*
- 2.16 Óska eftir því að leikskóli verður færður úr húsnæði Naustaskóla þar sem húsnæðið er að verða of lítið. Benda á að það sé óæskilegt að hafa bóksafnið í salnum og að það sé þröng sambúð vistunar og unglíngadeildar. – *Naustaskóli*

- 2.17 Óska eftir því að aukið verði lesefni á bókasafni Naustaskóla fyrir unglingastigið. Telja lítið um efni á safninu sem hægt sé að nota í heimildaritgerðir. – *Naustaskóli*
- 2.18 Óska eftir meiri afþreyingu fyrir unglingastig Naustaskóla í frímínútum. Benda á að það vanti fleiri spil og borðtennis- og þythokkíborð. – *Naustaskóli*
- 2.19 Óska eftir fleiri þægilegum stólum í sal Naustaskóla sem má nota í frímínútunum. – *Naustaskóli*
- 2.20 Óska eftir því að fótboltar verði losaðir af þaki Naustaskóla og að boðið verði upp á aðgengi að fótboltum um helgar. – *Naustaskóli*
- 2.21 Þyrfti að setja meira fjármagn í bókasafnið. Það mætti líka vera meira kósí. – *Oddeyrarskóli*
- 2.22 Fá stofu sem væri til að slaka á í, með sófum. Það var svoleiðis stofa en núna er hún nýtt fyrir tónmenntakennslu. Það er ekki nógu mikil afþreying í frímínútunum. – *Oddeyrarskóli*
- 2.23 Stækka íþróttahúsið – þetta er þeirra mesta áhersluatriði. – *Oddeyrarskóli*
- 2.24 Þau fengu nýjar bandýkylfur sem eru úr jární og þess vegna óþægilegar í notkun. Myndu vilja betri búnað í íþróttahúsið. – *Oddeyrarskóli*
- 2.25 Vilja fá tíðavörur inn á salerni í grunnskólum. – *Síðuskóli*
- 2.26 Vilja betri tæki í leikfimisalinn. T.d. eru svampboltarnir orðnir tjónaðir eftir að verið er að klípa úr þeim. – *Síðuskóli*
- 2.27 Vilja fleiri bækur á bókasafnið, sérstaklega þurfi fleiri eintök af vinsælustu bókunum. – *Síðuskóli*
- 2.28 Kakóvéll í alla skóla. – *Glerárskóli*
- 2.29 Vantar körfubolta og handbolta (boltana sjálfa) í íþróttahúsin t.d. í Síðuskóla. – *Glerárskóli*
- 2.30 Betri tölvur í skólana. – *Glerárskóli*
- 2.31 Fá chromebook tölvu á hvern nemanda. – *Glerárskóli*
- 2.32 Vilja fá sérstakan veislusal til að ekki þurfi að hliðra til í íþróttahúsinu þegar eru skemmtanir. – *Glerárskóli*
- 2.33 Vilja fá læsta skápa fyrir nemendur í eldri bekkjum. – *Glerárskóli*
- 2.34 Vilja fá betri aðstöðu fyrir nemendur í frímínútum. T.d. nýtt poolborð, meiri afþreyingu og fleiri sófa í Skýjaborgir. – *Glerárskóli*
- 2.35 Vilja fá rúllustóla og stærri borð í stofurnar. – *Glerárskóli*
- 2.36 Vilja fá rautt eyra í matsalinn - sem mælir hávaða og gefur merki ef fer yfir hávaðamörk. – *Glerárskóli*
- 2.37 Þarf að endurnýja húsgögn í stofur. – *Glerárskóli*
- 2.38 Fleiri skóhorn. – *Glerárskóli*
- 2.39 Betra bókasafn (fleiri bækur) og endurnýja bækur sem eru ónýtar. – *Glerárskóli*
- 2.40 Betra tölvuver. – *Glerárskóli*
- 2.41 Fá rafrænar bækur. – *Glerárskóli*
- 2.42 Fá betra net í Skýjaborg, það er eini staðurinn sem má vera í símanum. – *Glerárskóli*

- 2.43 Vilja fá morgunmat í skólanum. – *Glerárskóli*
- 2.44 Vilja fá eina tölvu á hvern nemanda, benda á að það tíðkist í öðrum skólum. Einnig mætti bæta tölvurnar. – *Glerárskóli*
- 2.45 Vantar sérstakan sal fyrir skemmtanir í skólanum. Eru núna að nota matsalinn og stundum íþróttasalinn. – *Glerárskóli*
- 2.46 Allir fá sína eigin tölvu í skólanum. – *Glerárskóli*

3. Mötuneyti;

- 3.1 Vilja hafa fjölbreyttari matseðil - telja að það sé aðeins mánaðarhringekja - telja matinn alls ekki nógu góðan og vilja fá betri mat, bæði kjöt og fisk. Kvarta undan dónaskap starfsmanna í eldhúsi - finna einnig hár í matnum o.fl. – *Lundarskóli*
- 3.2 Óska eftir betri, hollari og fjölbreyttari mat í Brekkuskóla. Telja að það vanti meiri fjölbreytni fyrir grænmetisætur og að auki eigi úrval af grænmeti í salatbar. – *Brekkuskóli*
- 3.3 Óska eftir betri mat í Naustaskóla og að tryggt sé að það sé nægur matur fyrir alla nemendur. – *Naustaskóli*
- 3.4 Óska eftir fjölbreyttari og hollari mat í Naustaskóla og vilja banna unnin mat. Telja mikla óánægju með matinn í skólanum. Leggja til að nemendur fái að koma að því að útbúa matseðilinn. Benda jafnframt á að það sé ekki alltaf nægur matur fyrir alla nemendur. – *Naustaskóli*
- 3.5 Fjölbreyttari og betri skólamat, hann er ekki alslæmur en mætti vera betri. – *Oddeyrarskóli*
- 3.6 Vilja hafa val um tvo rétti í hádeginu. – *Síðuskóli*
- 3.7 Vilja minna unna matvöru í mötuneytin. – *Glerárskóli*
- 3.8 Vilja meiri keppni í að minnka matarsóun, t.d. milli bekkja og milli skóla. – *Glerárskóli*
- 3.9 Vilja sjálfsala með hollum vörum í skólann. – *Glerárskóli*
- 3.10 Kjötlausan valmöguleika í skólamötuneytið. – *Glerárskóli*

Samfélagssvið

1. Félagsmiðstöðvar

- 1.1 Hvers vegna kemur félagsmiðstöðin svona sjaldan hingað. Hefur komið tvisvar á þessu skólaári. Myndu vilja fá hana 1-2svar í mánuði. Skemmtilegast við það er að fá krakka í heimsókn en myndu vilja fá fjölbreyttari hóp af gestakrökkum því núna er aðallega verið að koma með krakka sem eiga í erfiðleikum. – *Hríseyjarskóli*
- 1.2 Gera athugasemdir við að í heimsókn frá Rósenborg í gær var aðkomufólkinu boðið í mat á veitingahús en heimakrökkunum var ekki boðið. – *Hríseyjarskóli*
- 1.3 Vilja að félagsmiðstöðin sé símalaus. – *Oddeyrarskóli*

2. Sundlaugar

- 2.1 Af hverju er sundlaugin bara opin 6 daga vikunnar? – *Hríseyjarskóli*
- 2.2 Óska eftir því að það verði frítt í sund fyrir börn á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 2.3 Óska eftir að stökkpallarnir í Sundlaug Akureyrar verði lagaðir. – *Giljaskóli*
- 2.4 Óska eftir að opnunartíminn í Sundlaug Akureyrar verði lengdur. – *Naustaskóli*
- 2.5 Óska eftir því að það verði frítt fyrir 18 ára og yngri í sund. – *Naustaskóli*
- 2.6 Litlar rennibrautir með fötum, sturtum og vatnsbyssum í Akureyrarsundlaug. – *Síðuskóli*
- 2.7 Eru ánægð með sundlaugina en mætti hafa fleiri rennibrautir. – *Glerárskóli*
- 2.8 Hvers vegna kostar svona mikið í sund fyrir fullorðna? Vilja fá frítt í sund fyrir börn
- 2.9 Vilja fá frítt í sund fyrir börn. – *Glerárskóli*

3. Íþróttamannvirki;

- 3.1 Kom fram ósk um að fá frjálsíþróttahöll vegna árekstra í Boganum milli frjálsra og fótbolta. – *Lundarskóli*
- 3.2 Óska eftir fleiri fótboltavöllum á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 3.3 Óska eftir nýrri sundlaug á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 3.4 Óska eftir að snjóbræðslan upp í KA verði eflað þannig að það þurfi ekki að moka vellina. – *Brekkuskóli*
- 3.5 Óska eftir að það sé kveikt lengur og fyrr á ljósum í kringum leik- og sparkvelli bæjarins. – *Brekkuskóli*
- 3.6 Óska eftir innanhússaðstöðu fyrir frjálsar íþróttir á Akureyri. Allavega að aðstaðan í Boganum verði bætt og meira tillit sé tekið til þeirra sem æfa þar frjálsar íþróttir. – *Giljaskóli*
- 3.7 Óska eftir því að byggð verði 50 m innanhússundlaug á Akureyri. – *Giljaskóli*
- 3.8 Óska eftir því að Akureyrarbær setji fjármagn í Park uppbygginguna hér á Akureyri svo það verði klárað og að boðið verði upp á æfingar. – *Giljaskóli*
- 3.9 Óska eftir því að byggð verði frjálsíþróttahöll á Akureyri. – *Giljaskóli*
- 3.10 Óskar eftir því að aðstaðan í skautahöllinni verði bætt og sett verði lyfta á milli hæða svo fólk í hjólastól komist upp. – *Giljaskóli*
- 3.11 Óskar eftir því að það verði byggt innanhússfótboltahús. – *Giljaskóli*
- 3.12 Óska eftir fleiri handboltavöllum á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 3.13 Óska eftir að fá yfirbyggðan fótoltavöll við KA. – *Naustaskóli*
- 3.14 Óska eftir að sundlaug verði byggð í Naustahverfi. – *Naustaskóli*
- 3.15 Óska eftir innanhússfótboltavelli við KA. – *Naustaskóli*
- 3.16 Óska eftir því að 50 m innanhússundlaug verði byggð á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 3.17 Eru ánægð með Hlíðarfjall og sundlaugina. – *Oddeyrarskóli*

- 3.18 Vill fá annan Boga í bæinn. – *Síðuskóli*
- 3.19 Vilja inniparkúrvöllur með römpum. – *Síðuskóli*
- 3.20 Stærri sundlaug í hverfið fyrir Síðuskóla, Glerárskóla og Giljaskóla og rennibrautir. – *Síðuskóli*
- 3.21 Vilja fá 50 m keppnislaug, þar sem að skiptir máli fyrir þá sem æfa sund. – *Síðuskóli*
- 3.22 Nóg pláss í hverfinu fyrir fleiri hús t.d. í Hraunholtinu og eins er autt pláss í Skarðshlíð þar sem mætti gera lítið hús eða fótboltavöll. – *Glerárskóli*
- 3.23 Væri hægt að hafa lengri opnunartíma í Hlíðarfjalli um helgar. – *Glerárskóli*
- 3.24 Myndu vilja fá aðra skautahöll því sumir fá æfingartíma mjög seint. – *Glerárskóli*
- 3.25 Stækka stúku á Þórsvelli. – *Glerárskóli*
- 3.26 Stækka skíðasvæðið. – *Glerárskóli*
- 3.27 Stækka íþróttahúsið – þetta er þeirra mesta áhersluatriði. – *Oddeyrarskóli*
- 3.28 Byggja annan Boga uppi á Brekku (innan húss fótboltavöll) til að fá meira pláss. – *Glerárskóli*
- 3.29 Fá stærri sundlaug í hverfið. – *Glerárskóli*
- 3.30 Gervigrasvöll á Þórssvæðið. – *Glerárskóli*
- 3.31 Íþróttahús á Þórssvæðinu fyrir ofan Hamar. – *Glerárskóli*
- 3.32 Sápur, sjampó, hárnæringu og hárbólásara í íþróttahúsin. – *Glerárskóli*
- 3.33 Hafa alltaf opið í Boganum svo það sé hægt að leika sér þegar það eru ekki æfingar. – *Glerárskóli*
- 3.34 Stærri skautahöll. – *Síðuskóli*
- 3.35 Óska eftir að stofnað verði brettaíþróttafélag. – *Oddeyrarskóli*
- 3.36 Þurfum sér æfingasundlaug bara fyrir þau sem æfa sund. – *Glerárskóli*
- 3.37 Þrýst á um uppbyggingu á aðstöðu Nökkva. – *Glerárskóli*
- 3.38 Bæta mörkin, netið, bekkina og aðstöðuna í Boganum. – *Glerárskóli*
- 3.39 50 metra innisundlaug. – *Glerárskóli*
- 3.40 Fá hóp fimleikahús. – *Glerárskóli*

4. Afþreying;

- 4.1 Vantar einhverjar tómsundur s.s. keiluhöll. Hafa lent í því að reyna hafa ofan af fyrir erlendum gestum og fannst þau finna allt of lítið að gera. Nefndu keiluhöll, Gokart, trampólíngarð. – *Lundarskóli*
- 4.2 Óska eftir fleiri stöðum með afþreyingu fyrir börn á Akureyri, svo sem trampólíngarði, tívolí og Keiluhöll. – *Brekkuskóli*
- 4.3 Óska eftir að sett verði upp hjólaleiga á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 4.4 Óska eftir því að fundinn verði rekstraraðili fyrir trampólíngarð á Akureyri. – *Brekkuskóli*
- 4.5 Óska eftir að krakkar geti farið meira á hestbak á Akureyri. – *Brekkuskóli*

- 4.6 Óska eftir meiri afþreyingu fyrir unglunga á Akureyri, t.d. keiluhöll, lazer-tag og skemmtistað fyrir unglunga. – *Giljaskóli*
- 4.7 Óska eftir því að það komi keiluhöll á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.8 Óska eftir því að það verði boðið upp á rafíþróttir á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.9 Óska eftir að það komi lúxusbíó á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.10 Óska eftir meiri afþreyingu fyrir krakka fyrir utan skóla eins og t.d. leikjasal. – *Naustaskóli*
- 4.11 Óska eftir tívolí á Akureyri með tækjum sem fara hratt. – *Naustaskóli*
- 4.12 Óska eftir úti og inni trampólíngarði á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.13 Óska eftir keiluhöll á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.14 Óska eftir leikjasal með þythokki og fullt af spilatækjum eins og var í Smáratívolí. - *Naustaskóli*
- 4.15 Óska eftir meiri afþreyingu fyrir börn og unglunga á Akureyri. – *Naustaskóli*
- 4.16 Vilja keiluhöll. – *Oddeyrarskóli*
- 4.17 Myndu vilja afþreyingu á borð við keiluhöll með meiri afþreyingu. – *Oddeyrarskóli*
- 4.18 Trampólíngarð, Hoppukastalagarð, keiluhöll, húsdýragarð. – *Síðuskóli*
- 4.19 Fá sirkus í bæinn, eins og var áður en hann er hættur að koma. – *Glerárskóli*
- 4.20 Finnst vanta afþreyingu fyrir fjölskyldur. Hvers vegna er ekki keila eða trampólíngarður. Myndu líka vilja fá rússíbanagarð. – *Glerárskóli*
- 4.21 Hafa Rush(trampólíngarð) og KFC. – *Glerárskóli*
- 4.22 Fá trampólíngarð. – *Glerárskóli*
- 4.23 Keiluhöll. – *Glerárskóli*
- 4.24 Er hægt að hafa meiri fjölbreytni í afþreyingu hér á Akureyri eins og t.d. trampólíngarð, skemmtigarð og dýragarð. – *Glerárskóli*
- 4.25 Trampólíngarð á Akureyri. – *Glerárskóli*
- 4.26 Vatnsrennibrautargarð. – *Glerárskóli*
- 4.27 Keiluhöll. – *Glerárskóli*

5. Forvarnir;

- 5.1 Bentu á að það sé alltof oft verið að selja eða bjóða börnum og unglingum veip. Vilja að það sé gengið fastar eftir því að reglum sé fylgt. Telja að það sé ekki mikil forvarnafræðsla um veip og orkudrykki. Bentu á að það séu unglingar sem farnir eru að reykja gras. – *Lundarskóli*
- 5.2 Óska eftir því að komið verði í veg fyrir notkun eiturlyfja á Akureyri og veitt verði betri aðstoð við þá krakka sem leiðast út í eiturlyf. – *Brekkuskóli*
- 5.3 Vilja fá fíkniefnaforvarnir fyrir yngri hópa en er núna. Ættu að byrja þegar krakkar eru 11 ára. – *Oddeyrarskóli*

- 5.4 Myndu vilja fá auknar forvarnir því margir/nokkrir krakkar í skólanum séu komnir á hættulega braut. – *Oddeyrarskóli*
- 5.5 Telja að það þurfi auðveldari og þægilegri leiðir fyrir börn að ræða vandamál sín. Vekja athygli á netspjalli. Það þarf að vekja athygli á þeim valmöguleikum sem eru í boði og það sé alltaf aðstoð í boði. – *Síðuskóli*

Skipulagssvið

1. Af hverju fáum við ekki leyfi fyrir að hafa krossarabraut í námunni? – *Hríseyjarskóli*

Fjölskyldusvið

1. Óska eftir að það verði passað að öll börn fái nóg að borða og nóg af fötum. – *Brekkuskóli*
2. Vilja fá gott húsnæði fyrir alla með áherslu á að heimilislaust fólk fái þak yfir höfuðið.

Búsetusvið

1. Við erum ósátt við að Akureyrarbær leigi íbúðir í Hlein til dópista... eru hrædd við íbúana þar og telja sér standa ógn af þeim. – *Hríseyjarskóli*
2. Vilja fá gott húsnæði fyrir alla með áherslu á að heimilislaust fólk fái þak yfir höfuðið. – *Oddeyrarskóli*

Akureyrarstofa

1. Af hverju getur Akureyrarbær ekki styrkt Hríseyjarhátíðina meira svo hún verði jafn skemmtileg og áður fyrr. - *Hríseyjarskóli*
2. Það mætti markaðssetja tjaldsvæðið í Hrísey. - *Hríseyjarskóli*
3. Óska eftir fleiri fjölskyldubæjarhátíðum á Akureyri. -*Naustaskóli*

Norðurorka

1. Óska eftir bættri lýsingu í bænum. – *Brekkuskóli*

Annað:

1. Óska eftir að fólk hætti að reykja.
2. Benda á að allir þurfa að rækta meira af grænmeti og borða meira af því.
3. Þau vilja að krakkar hætti að skilja út undan og meiða.
4. Óska eftir að hugsað sé vel um þá sem eru veikir.
5. Leggja til að bannað verði að selja sígarettur, veip og eiturlyf.
6. Leggja til að hætt verði að selja vín og bjór.

7. Leggja til bann við sölu á eiturslími.
8. Óska eftir endurbótum á flugstöðinni og á flugbrautum á Akureyrarvelli svo völlurinn nýtist betur sem varaflugvöllur og fyrir millilandaflug.
9. Leggja til verðhækkun á bíla sem nota svartolíu.
10. Leggja til að pappírspokar séu hafðir ódýrari en plastpokar.
11. Óska að sett verði upp hjólaleiga á Akureyri.
12. Óska eftir betra flokkunarkerfi í Brekkuskóla og óska eftir fleiri flokkunartunnum í skólastofurnar.
13. Óska eftir að fá KFC á Akureyri. – *Giljaskóli*
14. Óska eftir því að sett verði upp bílasafn á Akureyri. – *Giljaskóli*
15. Óska eftir því að flugvöllurinn verði stækkaður svo að það verði góð aðstaða fyrir alþjóðaflug. – *Giljaskóli*
16. Óska eftir að Hamborgarabúllan komi til Akureyrar. – *Naustaskóli*
17. Óska eftir að KFC komi til Akureyrarar. – *Naustaskóli*
18. Lækka aldurstakmarkið á líkamsræktarstöðvar. – *Oddeyrarskóli*
19. Vilja fá sanngjörn laun, launajafnrétti í samfélaginu og jafnrétti á vinnumarkaði. – *Oddeyrarskóli*
20. Það þarf að byggja meðferðarheimili hérna fyrir norðan því það er langur biðlisti á Vog. Það myndi líka nýtast fólki á Austurlandi. – *Oddeyrarskóli*
21. Miðstöð fyrir fólk með geðröskun, þunglyndi o.þ.h. – *Oddeyrarskóli*
22. Vilja lest til Reykjavíkur. Tekur of langan tíma að keyra og of dýrt að fljúga. – *Síðuskóli*
23. Vilja að það sé meira eftirlit með beltanotkun og að tala í símann á meðan þeir keyra. – *Síðuskóli*
24. Minnka plastnotkun og nýta plastið vel. – *Síðuskóli*
25. Vilja fleiri dótabúðir í bæinn. – *Síðuskóli*
26. Vilja skoða meiri vöruskipti frekar en peninga. – *Síðuskóli*
27. Vilja ódýrari skemmtun, ef það er tívolí að hafa það ekki of dýrt. – *Síðuskóli*
28. Vera góðir við þá sem eru fatlaðir og veikir. – *Glerárskóli*
29. Gefa barnaspítalanum meiri pening. – *Glerárskóli*
30. Húsdýragarð. – *Glerárskóli*
31. Fólk á að vera gott við hvert annað og hjálpa hvert öðru. – *Glerárskóli*
32. Börn séu góð hvert við annað og hætti að stríða. – *Glerárskóli*
33. Þau eru mjög á móti reykingum. – *Glerárskóli*
34. Vilja styrkja krabbameinssjúk börn. – *Glerárskóli*

35. Hætta að selja sígarettur. – *Glerárskóli*
36. Fá Krónubúð, Sbarro (pítsustað), Nike búð. – *Glerárskóli*
37. Betri bíla fyrir sjúkrahús og löggur. – *Glerárskóli*
38. Meiri pening til sjúkrahússins svo okkur líði betur. – *Glerárskóli*
39. Ísbúð Huppu. – *Glerárskóli*
40. KFC. – *Glerárskóli*
41. Hjálpa þeim sem eru fátækir. – *Glerárskóli*
42. Að það sé hægt að leigja rafmagnshjól í bænum. – *Glerárskóli*
43. Styttu af Tinna. – *Glerárskóli*
44. Nýja Síðubúð (fá Síðubúðina aftur). – *Glerárskóli*
45. Hagkaupsbúðin hér er mun minni en í Reykjavík. – *Glerárskóli*
46. KFC. – *Glerárskóli*
47. Fá vegan veitingastað. – *Glerárskóli*